

Minibridge

Dæmi 1.


Gjafari: Vestur	♠ K J 10 3 ♥ K 8 2 ♦ A 10 ♣ 10 6 4 2			
		N		
♠ A 8 6 ♥ A 10 9 7 4 ♦ 7 6 2 ♣ K J	V	E	♠ 9 2 ♥ Q J 5 ♦ K J 9 4 ♣ Q 8 5 3	
		S		
				♠ Q 7 5 4 ♥ 6 3 ♦ Q 8 5 3 ♣ A 9 7

Hér er það vestur sem byrjar, hann er gjafari og byrjar hann líka að segja frá fjölda punkta. Hann segist eiga 12 punkta (4 í spaða, 4 í hjarta og 4 í laufi). Næstur er norður (farið sólar-sinnis) sem segist eiga 11 (4+3+4+0). Austur segir 9 (0+3+4+2) og 8 hjá suðri.

Þetta þýðir að austur-vestur eru með meirihluta í punktum 21 (12+9) og þar sem vestur er punktahærri verður hann sagnhafi og þar sem austur verður þá í hlutverki „blinds“ leggur hann spilin á borðið.


Vestur skoðar sín spil og blinds og sér að samlega er í hjarta og lýsir yfir að hann vilji 7 slagi með hjarta sem tromp. Saman eru þeir ekki með nægan styrk til að fá 10 slagi sem hefði gefið aukastig (geim en ekki bútur).

Spilið og stigagjöfin: Norður á að spila út og sér sín spil en einnig spil blinds. Hann veit um 8 punkta hjá makker og 12 hjá sagnhafa. Líklega best að byrja með tígulás og meiri tígul. Niðurstaðan verður sennilega sú að vörnin fær 5 slagi: einn á spaða, einn á hjarta, tvo á tígul og einn á lauf. Austur- vestur fá þá átta slagi og 110 stig fyrir það. Stigin eru reiknuð svona: 50 í bónus fyrir bútt, síðan 2x30 fyrir að fá tvo slagi umfram sex.



Dæmi 2 Á næstu hönd er vestur gjafari:

1. Hver er punktafjöldi hvers spilara?
2. Hver segir fyrstur frá punktum?
3. Hvort parið nær samningnum
4. Hvor er sagnhafi og hvor er blindur?
5. Hver á fyrsta útspil?
6. Mælir þú með einhverju útspili fyrir vörnina?
7. Hvað býstu við mörgum slögum hjá sagnhafa?
8. Mælir þú með því að sagnhafi velji að fara í geim?
9. Á sagnhafi einhverja möguleika á að ná sér í aukaslagi?
10. Það getur hjálpað þér að vera með spilastokk og velja spilin á bordið eins og á myndinni á meðan þú ert að finna spilaleið.

	♠ 10 5 3 2	
	♥ A K 4	
	♦ K 8 3	
	♣ A 5 3	
♠ J 9 8		♠ Q 7 4
♥ Q J 10 8		♥ 7 5
♦ 9 7 5 2		♦ J 10 6
♣ 10 8		♣ Q J 9 7 6
	♠ A K 6	
	♥ 9 6 3 2	
	♦ A Q 4	
	♣ K 4 2	

Svör við spurningum:

1. Vestur fjórir punktar, norður fjórtán punktar, austur sex punktar og suður sextán punktar.
2. Þar sem vestur er gjafari segir hann fyrstur frá punktum
3. Norður/suður fá samninginn. Þeir eru alls með þrjátíu punkta en vestur/austur eru aðeins með samtals tíu punkta.
4. Suður er með fleiri punkta en norður og verður því sagnhafi. Norður verður blindur, blindur er alltaf beint á móti sagnhafa.
5. Vestur velur fyrsta útspil af því að hann er á vinstri hönd sagnhafa.
6. Vörnin ætti að byrja á hjarta, enda er vestur með þetta röð, engin áhætta fylgir útspilinu. Jafnvel þótt norður sé með ás og kóng mun útspilið ekki gefa sagnhafa neinn aukaslag sem hann á hvort eð er ekki. Drottning er yfirleitt útspilið frá DGT. Spilaðu út ofan af röð til að gefa makker þínum upplýsingar um spil þín
7. Níu slagi eru fánlegir beint á háspilin. Tveir á spaða, tveir á hjarta, þrír á tígul og tveir á lauf.
8. Já með níu beinharda slagi á sagnhafi að sjálfsögðu að reyna við geim. Sagnhafi velur níu slagi í grandí.
9. Já. Sagnhafi og blindur eiga saman fleiri spaða en mótherjarnir. Ef mót-herjarnir eru með þrjá spaða hvor, eins og hér, þá getur sagnhafi spilað spaðanum þrisvar. Hann fær tvo slagi og vörninn einn. Síðan fær hann aukaslag á fjórða spaðann í blindum.